



Reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, 1952

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmála- og utanríkisráðherra – Reglugerð – Mjólk –
Mjólkurvörur – Mjólkureftirlit Ríkisins - 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-11, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MJÓLKUREFTIRLIT RÍKISINS



1955

Hr. dómssm. ráðh. Bjarni Benediktsson

Þrónduhlíð 35

B.

MJÓLKUREFTIRLIT RÍKISINS

REYKJAVÍK 23. nóv. 195 3

Hér með sendist yður, herra ráðherra, eintak af
nýrri reglugerð um mjólk og mjólkurvörur.

Virðingarfyllt,

Hönnu Guðmundsdóttur

Hr. dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson.

Reglugerð

um mjólk og mjólkurvörur.

1. gr.

Skýringar á hugtökum.

1. Með orðinu mjólk er í reglugerð þessari átt við kúamjólk, sem á að selja eða bjóða til sölu og ætluð er til manneldis. Í henni skulu vera öll þau efni, sem í henni voru, þegar lokið var við að þurrmjólka kúna. Úr mjólkinni má ekkert taka og engu má bæta í hana.

2. Nýmjólk er óhituð mjólk, sem í eru að minnsta kosti 3.0% af mjólkurfitu.

3. Barnamjólk er nýmjólk, sem framleidd er samkvæmt sérstakri reglugerð um framleiðslu á barnamjólk.

4. Broddmjólk nefnist mjólkin fyrstu sólarhringana eftir burð. Hún hleypur við upphitun, án þess að frá henni skiljist til muna mjólkurvatn (serum).

5. Með orðinu mjólkurvara er átt við hverja þá vöru, sem framleidd er úr mjólk og um er getið í þessari grein.

6. Gerilsneyðing er hitun mjólkur eða mjólkurvöru í viðurkenndum tækjum samkvæmt viðurkenndum gerilsneyðingaraðferðum. Viðurkenndar gerilsneyðingaraðferðir eru:

a. Hitun upp í 62—65 stig C. í minnst hálfa klukkustund.

b. Hitun upp í 72—74 stig C. í minnst 15 sekúndur.

c. Hitun upp í minnst 81 stig C.

Aðrar jafngildar gerilsneyðingaraðferðir má aðeins nota, ef heilbrigðisstjórnin hefur viðurkennt þær.

7. Gerilsneydd nýmjólk er nýmjólk, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæði í tölulið 6 í þessari grein.

8. Rjómi er unninn úr mjólk. Í honum skulu vera minnst 10% af mjólkurfitu.

Kaffirjómi nefnist rjóminn, þegar í honum eru minnst 10% og mest 20% af mjólkurfitu.

Þeytirjómi nefnist rjóminn, þegar í honum eru minnst 30% af mjólkurfitu.

9. Gerilsneyddur rjómi er rjómi, sem hitaður hefur verið samkvæmt ákvæði c. í 6. tölulið þessarar greinar.

10. Undanrenna er sá hluti mjólkur, sem eftir verður, þegar rjómi hefur verið unninn úr henni.

11. Gerilsneydd undanrenna er undanrenna, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæði í 6. tölulið þessarar greinar.

12. Áfir eru sá hluti rjóma, sem eftir verður, þegar smjör hefur verið unnið úr honum. Í áfum skal vera minnst 8% af mjólkurþurrefni.

13. Dauðhreinsun er hitun mjólkur eða mjólkurvöru, þar til dauðir eru allir gerlar og gró.

14. Dauðhreinsuð mjólk og dauðhreinsaður rjómi eru mjólk og rjómi, sem hituð hafa verið samkvæmt ákvæðinu í 13. tölulið þessarar greinar.

15. Sýrð mjólk er mjólk, sem sýrð hefur verið með hreinræktuðum mjólkur-sýrugerlum. Mjólkina skal gerilsneyða vandlega, áður en hún er sýrð.

16. Jógghúrt og kefir eru mjólk, sem gerjuð hefur verið með hreinræktuðum gerlategundum, sem til þess eru hæfar. Mjólkina skal gerilsneyða vandlega, áður en hún er gerjuð.

17. Seydd mjólk (niðursoðin mjólk, dósamjólk) er mjólk, sem eimaður hefur verið úr nokkur hluti vatnsins. Í þessa mjólk má blanda hreinum, hvítum neyzlu-sykur (saccharose).

Í seyddri mjólk, ósykraðri, skal vera minnst 7.0% af fitu og minnst 17.5% af fitusnaudu þurrefni.

Í seyddri mjólk, sykraðri, skal vera minnst 8.3% af fitu og minnst 22.0% af fitusnaudu þurrefni. Í henni skal ekki vera meira en 27.0% af vatni.

18. Mjólkurduft (þurrmjólk) er framleitt úr mjólk, sem þurrkuð er með viður-kenndri aðferð. Í mjólkurdufti skal ekki vera minna en 25.0% af fitu, miðað við þurrefni, og ekki meira en 6.0% af vatni.

19. Undanrennuduft er framleitt úr undanrennu, sem þurrkuð er með viður-kenndri aðferð. Í því skal ekki vera meira en 6.0% af vatni.

20. Kramin mjólk (homogeniseruð mjólk) er mjólk, sem fitukúlurnar hafa verið kramdar í, með þeim árangri, að enginn sýnilegur rjómi sezt ofan á hana, þótt hún sé geymd í 48 klukkustundir. Kramin mjólk skal vera greinilega auð-kennd.

2. gr.

Reglur fyrir mjólkurframleiðendur um vinnslu og meðferð mjólkur.

1. Á heimilum, sem framleiða mjólk til sölu, mega ekki vera viðvarandi smitandi sjúkdómar, svo sem berklaveiki, holdsveiki, miltisbrandur eða tauga-veiki (smitberar). Skilyrði til þrifnaðar skulu vera góð og þrifnaður í góðu lagi. Á öllum slíkum heimilum skulu vera vel þrifin salerni, er nothæf séu vetur sem sumar og aðgengileg fyrir allt heimafólk og gesti.

2. Fjós, þar sem framleidd er mjólk til sölu, skulu vera björt og loftgóð, flórin vatnsheldur, og safnþróm, mykjuhúsum og votheysgryfjum þannig fyrir komið, að ekki berist óþefur úr þeim inn í fjósið. Fjósin skulu vera þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau, og þar skulu vera handhæg og þrifaleg tæki til handþvotta. Salerni mega ekki vera í beinu sambandi við fjósin og ekki má nota fjós sem salerni.

3. Vatn, sem notað er til drykkjar handa kúm og við þrifnað í fjósum, skal vera hreint og ómengað.

4. Fjósum skal haldið vel hreinum. Þau skulu mokuð og sópuð nægilega oft, en vegg og loft skal kalka eða þvo að minnsta kosti einu sinni á ári. Fjósaverkum skal þannig hagað, að ekki berist í mjólkina beinlínis eða óbeinlínis óþefur, ryk eða önnur óhreinindi, og skal fjósaverkum þess vegna lokið í síðasta lagi stundarfjórðungi áður en mjaltir hefjast. Við ræstingu kúa og fjósa má ekki nota svo lyktarsterk efni að mjólkinni geti mengast af þeim. Í fjósum má ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru við fjósaverk, og ekki má hafa þar önnur húsdýr en nautgrip, nema þau séu vel aðskilin frá nautgripunum. Þó má hvorki hafa þar alifugla né svín. Fjósin skulu varin rottum og músum. Einnig skal verja þau flugum og öðrum skordýrum eftir föngum.

5. Kúnum skal haldið vel hreinum. Þær skulu hurstaðar daglega og þvegnar ef með þarf.

6. Mjaltafólk skal vera yzt klæða í hreinum mjaltafötum og bert upp að

olnboga. Það skal þvo sér vandlega um hendur og handleggi fyrir mjaltir og síðan eftir þörfum, á meðan mjaltir standa yfir. Áður en kýr er mjólkuð, skal hreinsa vandlega júgrið og umhverfis það. Fyrstu bununum úr spenum má hvorki mjólka saman við mjólkina né í básinn, og ekki má nota þær til að væta með þeim spenana eða hendurnar. Mjólka skal með þurrum höndum eða nota viðurkennd júgur-smyrslí. Kýr með þrimla í júgri eða aðra júgursjúkdóma og kýr, sem mjólkin úr er óeðlileg, svo sem strimluð, vatnspunn, slímkennd eða með óeðlilegum lit, lykt eða bragði, skal mjólka síðast og í sérstakt ílát, og má ekki blanda slíkri mjólk saman við aðra mjólk.

7. Strax, þegar kýrin hefur verið mjólkuð, skal hera mjólkina úr fjósinu og kæla hana eftir föngum, en gæta skal þess, að hún frjósi ekki, og ekki má kæla hana eða geyma þar, sem sól getur skinið á hana.

8. Á meðan mjólkin er flutt skal hún varin sólskini. Einnig skal hún varin frosti eftir því sem við verður komið. Á flutningatækjum, sem mjólk og mjólkurvörur eru fluttar á, má ekki flytja aðrar vörur samtímis, nema þær séu vel aðskildar frá mjólkinni og mjólkurvörunum. Einkum ber þess að gæta, að aðrar vörur séu ekki settar ofan á mjólkurílátin eða mjólkurvörurnar og að ekki sé setið á þeim.

3. gr.

Reglur um meðferð mjólkur og mjólkurvöru í mjólkurbúum.

1. Mjólkurbú skulu flokka alla mjólk frá framleiðendum að minnsta kosti einu sinni í viku. Mjólkin skal flokkuð í fjóra flokka eftir litprófun Barthels og Orla-Jensen, og skal flokkunin lögð til grundvallar við greiðslu mjólkurinnar til bænda. Hæst verð skal greiða fyrir 1. flokks mjólk og svo stíglækkandi fyrir 2., 3. og 4. flokk. Sé ógerilsneydd mjólk, sem ætluð er til neyzlu, flutt á milli mjólkurbúa, skal það mjólkurbú, sem síðast tekur við henni, flokka hana á ný.

2. Fjórða flokks mjólk og mjólk, sem líkur eru til að sé í 4. flokki, má ekki selja sem neyzlumjólk, hvorki gerilsneydda né ógerilsneydda.

3. Tæki, sem notuð eru við gerilsneyðingu mjólkur og mjólkurvöru, skulu viðurkennd af heilbrigðisstjórninni.

4. Áður en mjólk er gerilsneydd skal hún síuð vandlega eða hreinsuð í skilvindu. Það sama gildir um mjólk, sem mjólkurvörur eru unnar úr.

5. Ekki má gerilsneyða mjólk og selja sem neyzlumjólk, ef hún er meira en eins og hálf sólarhrings gömul. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn krefur. Mjólk, sem búið er að gerilsneyða, má ekki gerilsneyða aftur.

6. Strax, að lokinni gerilsneyðingu, skal kæla mjólkina niður í 8—1 stig C. og geyma hana við 10—1 stig C. Það sama gildir um gerilsneydda mjólkurvöru.

7. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru í flöskum, skulu greinilega auðkenndar með heiti vörunnar. Ef það er gerilsneydd mjólk skal einnig tilgreina, hvaða dag hún var gerilsneydd. Það sama gildir um gerilsneyddan rjóma og gerilsneydda undanrennu. Ef það er rjómi skal einnig tilgreina, hve mikið er í honum af fitu. Mjólkurvörur, sem seldar eru í dósnum, skulu auðkenndar með heiti vörunnar. Ef það er seydd mjólk skal einnig tilgreina, hve miklu af vatni þarf að blanda í innihald dósarinnar, til þess að það samsvari nýmjólk. Þess skal getið á umbúðum, ef mjólkin er sykrúð.

8. Seydda mjólk, dauðhreinsaðan rjóma og dauðhreinsaða mjólk má ekki geyma, bjóða til sölu eða selja nema í ílátum, sem eru algerlega loftþétt.

9. Ekki má geyma eða flytja mjólk eða mjólkurvöru í tréílátum eða ílátum, sem gefið geta frá sér efni, sem menga vöruna, og ekki má nota slík áhöld eða tæki við vöruna. Ílát og tæki mega ekki vera verulega dölúð eða beyglúð, og þau

skulu vera þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Til lokunar eða þéttunar á ílátum og tækjum má ekki nota efni, sem sjúga í sig mjólk. Á ílátum, sem mjólk eða mjólkurvara er geymd eða flutt í, skal vera lok, sem tekur út yfir barmana.

4. gr.

Reglur um meðferð mjólkur og mjólkurvöru í mjólkurbúðum.

1. Mjólk og mjólkurvörum skal haldið vel köldum, þar til sala fer fram og að minnsta kosti fyrir neðan 15 stig C. Mjólk, gerilsneydda eða ógerilsneydda, rjóma eða aðrar mjólkurvörur, sem þola illa geymslu, má ekki geyma í mjólkurbúðum yfir nóttina til að selja þær næsta dag, nema þær séu geymdar þar í kælikáp eða kæliklefa.

2. Ógerilsneydd mjólk má ekki vera eldri en 18 klukkustunda og gerilsneydd mjólk ekki eldri en 36 klukkustunda, þegar hún er seld.

3. Þar sem afgreidd er mjólk eða rjómi úr opnum ílátum skulu mæliausurnar þannig útbúnar, að hendurnar snerti ekki mjólkina eða rjómann, þegar mælt er. Mæliausurnar skulu þannig gerðar, að hægt sé að koma þeim fyrir innan í íláti því, sem úr er mælt, þótt lok sé lagt yfir. Mæliausurnar má ekki leggja frá sér annars staðar á milli þess, sem þær eru notaðar.

4. Ekki má afgreiða ógerilsneydda mjólk í lausu máli í búðum, þar sem gerilsneydd mjólk eða gerilsneyddur rjómi eru afgreidd í lausu máli.

5. Heilbrigðisnefnd er heimilt að ákveða, að í mjólkurbúðum skuli mjólk einungis afhent í lokuðum flöskum.

6. Í mjólkurbúðum má, auk mjólkur og mjólkurvöru, þar með talið smjör, skyr og ostar, ekki hafa aðrar vörur á boðstólum en brauð, kökur, smjörliki, öl, gosdrykki, sælgæti, niðursuðuvörur og egg.

7. Til íláta og áhaldar, sem notuð eru í mjólkurbúðum við sölu mjólkur og mjólkurvöru, ber að gera sömu kröfur og þær, sem um er getið í 9. tölulið í 3. gr. þessarar reglugerðar.

8. Afgreiðslufólki í mjólkurbúðum er óheimilt að veita viðtöku tómunum flöskum, sem ekki hafa verið vandlega skolaðar, áður en þeim er skilað, eða sýnilega hafa verið notaðar undir óhreinleg, litsterk eða bragðmikil efni.

9. Heilbrigðisnefnd gefur út nánari reglur um stærð og merkingu umbúða um mjólk og mjólkurvörur.

5. gr.

Reglur um húsakynni, sem notuð eru fyrir mjólk og mjólkurvörur.

1. Mjólkurhús eða mjólkurklefar, þar sem mjólk er síuð, kæld og geymd, og mjaltavélar og mjólkurílát þvegin og geymd, skulu vera björt og vel loftræst. Gólfín skulu vera vatnsheld og veggir og loft að minnsta kosti kólkuð, og skal þessum húsakynnum haldið vel hreinum. Þau skulu varin rottum, músum og flugum, og ekki má geyma þar aðra hluti en þá, sem notaðir eru við þá hirðingu mjólkur og mjólkuríláta, sem að ofan greinir. Vatn, sem þarna er notað til kælingar og hreinlætis skal vera hreint og ómengað. Mjólkurhúsin skulu þannig sett, að ekki berizt í þau óþefur úr haughúsi, for eða fjósi.

2. Mjólkurbú (mjólkursamlög, mjólkurstöðvar) skulu vera björt og vel loftræst. Gólf skulu vera vatnsheld og svo slétt, að auðvelt sé að þrifa þau. Veggir skulu málaðir með olíumálningu eða lagðir flísam, að minnsta kosti í 150 cm hæð frá gólfi eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að þrifa þá, en efri hluti þeirra og loftin skulu vera kólkuð eða máluð. Þessi húsakynni skulu varin rottum, músum og flugum, og þeim skal haldið vel hreinum. Í mjólkurbúum má aðeins nota hreint og ómengað vatn.

3. Mjólkurbúðir skulu vera bjartar og loftgóðar. Gólfín skulu vera vatns- held, og veggir málaðir með olíumálningu eða lagðir flísam, að minnsta kosti í 150 cm hæð frá gólfi eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa þá. Efri hluta veggja og loftin skal kalka eða mála. Mjólkurbúðum skal haldið vel hreinum, og skulu þær varðar rottum, músam og flugum. Þar skal vera greiður aðgangur að vel hreinu, heitu og köldu vatni, þvottaskál og öðrum nauð- synlegum tækjum til að þrifa hendur. Þar skal einnig vera greiður aðgangur að vel þrífnu salerni.

4. Mjólk og mjólkurvörur, aðrar en mjólkurduft, undanrennuduft og mjólk og mjólkurvörur í lokuðum ílátum, má ekki selja eða bjóða til sölu í húsa- kynnum, sem ekki fullnægja þeim ákvæðum um mjólkurbúðir, sem um getur í 3. tölulið þessarar greinar. Þau ákvæði ná þó ekki til veitingastaða og annarra húsa- kynna, þar sem mjólk eða mjólkurvörur eru einungis látnar af hendi til neyzlu á staðnum.

6. gr.

Reglur um starfsfólk í mjólkurbúum og mjólkurbúðum.

1. Fólk, sem haldið er næmum sjúkdómum, eða er frá heimilum, þar sem næmir sjúkdómar eru, má ekki starfa í mjólkurbúum eða mjólkurbúðum. Starfs- fólk í mjólkurbúum og mjólkurbúðum skal hafa heilt og ósjúkt hörund, og vera hreinlegt í klæðaburði og umgengni. Því er skylt að sýna heilbrigðisefirlitsmönnum heilbrigðisvottorð, þegar þess er krafizt.

7. gr.

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu:

1. Mjólk úr kúm, sem haldnar eru eða grunur er á að haldnar séu berklum, miltisbrandi, garnabólgu, legbólgu, jógurbólgu, gin- og klaufaveiki, kálfs- burðarsótt eða öðrum sjúkdómum, sem geta spillt mjólkinni eða borizt með henni;
2. mjólk og mjólkurvörur, sem með hefur verið farið af mönnum, sem haldnir voru næmum sjúkdómum eða hætta var á að borið gætu með sér sýkla næmra sjúkdóma, þegar þeir unnu að vörinni;
3. mjólk úr kúm, sem aldar eru á fódurtegundum, sem spillt geta mjólkinni;
4. mjólk úr kúm, sem við eru notuð lyf, sem borizt geta í mjólkina og spillt henni;
5. mjólk úr kúm, sem á hafa verið gerðar lækni- aðgerðir, sem spillt geta mjólk- inni;
6. mjólk og mjólkurvörur, sem í er meira af tini, zinki, antimoni, kadmium, eir, nikkell, járn og alúminíum en minnst getur orðið;
7. mjólk, sem geymd hefur verið í ílátum úr eir eða járn, sem ekki voru nægjan- lega vel tinhúðuð, eða við hana notuð tæki eða áhöld úr sömu málmum, ef þau voru ekki nægjanlega vel tinhúðuð. Það sama gildir um mjólkurvörur;
8. mjólk og mjólkurvörur, sem í er gröftur, graftarsýklar eða aðrir sýklar hættulegir heilbrigði manna og dýra;
9. mjólkurvörur, sem unnar eru úr mjólk, sem fellur undir ákvæðin í 1. til 5. tölulið þessarar greinar;
10. dauðhreinsaðan rjóma og seydda mjólk, ósykraða, sem skemmist við þriggja sólarhringa geymslu við 37 stig C.

8. gr.

Ýmis ákvæði.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu:

1. Nýmjólk, sem blönduð hefur verið með broddmjólk;
2. mjólk úr kúm, sem eru að verða geldar og mjólka minna en 1 lítra á dag;
3. mjólk, sem hleypur, þegar hún er soðin eða blönduð að jöfnum rúmmálum með þynntum vínanda, sem í eru 68% af aethylalkóhól miðað við rúmmál;
4. mjólk og mjólkurvöru, sem af er súrbragð, nema varan hafi verið sýrð með hreinræktuðum gerlum og auðkennd með tilliti til þess;
5. mjólk og mjólkurvöru, ef útlit, lykt og bragð er svo óeðlilegt, að varan sé miður hæf eða óhæf til neyzlu;
6. mjólk og mjólkurvörur, sem í eru sýnileg óhreinindi eða óeðlilega mikið af gerlum, sem spillt geta vörunni;
7. mjólkurvöru, sem gerð hefur verið úr skemmdri mjólk;
8. mjólk, sem úr hefur verið tekinn rjómi að nokkru eða öllu leyti, ef varan er ekki auðkennd og seld sem undanrenna;
9. mjólk og mjólkurvöru, sem í hefur verið blandað vatni, ís eða mjólkurís, og mjólk, sem í hefur verið blandað undanrennu;
10. mjólk og mjólkurvöru, sem í hefur verið blandað rotvarnarefnum, sýrueyðandi efnum eða öðrum efnum, sem geta verið skaðleg eða blekkjandi;
11. mjólk, sem í hefur verið blandað mjólk úr öðrum dýrum en kúm, og mjólkurvöru, sem að einhverju eða öllu leyti var framleidd úr mjólk úr öðrum dýrum en kúm;
12. gerilsneydda mjólk, sem í hefur verið blandað ógerilsneyddri mjólk;
13. gerilsneydda mjólk, ef hún hefur ekki verið nægjanlega hituð;
14. gerilsneydda mjólk á flöskum, ef coligerlar finnast í 0.1 ccm í tveimur rannsóknnum af fimm úr sama sýnishorni, eða eru finnanlegir í 0.01 ccm;
15. gerilsneydda mjólk, ef gerlafjöldi hennar er meiri en 100000 í 1 ccm;
16. mjólk og rjóma, sem hituð hafa verið samkvæmt ákvæði c. í tölulið 6 í 1. gr., ef Storchs-prófun með aðferð Tillmanns er jákvæð.

9. gr.

Almenn ákvæði.

Um framkvæmd eftirlits með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, gildir eftirfarandi:

1. Skipaðir dýralæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði kúa og þrifnaði í fjósum hjá þeim framleiðendum í umdæmi þeirra, sem mjólk selja. Ráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef það þykir betur henta. Skulu dýralæknar framkvæma skoðun hjá hverjum framleiðanda, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og gefa framleiðandanum skriflegt vottorð, ef þeir telja hann geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari. Má enginn framleiða mjólk til sölu, nema hann hafi slíkt vottorð.

Þar sem mjólk er seld ógerilsneydd sem neyzlumjólk, getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað, að skoðun fari fram mánaðarlega.

Þyki dýralækni svo áfátt um heilbrigði kúa, umgengni í fjósi eða meðferð mjólkur, að hætta geti stafað af, þá skal hann í samráði við héraðslækni og mjólkureftirlitsmann ríkisins láta stöðva sölu mjólkurinnar. Tilkyningu um þetta skal hann einnig senda hlutaðeigandi mjólkurbússtjóra, ef mjólkin er send í mjólkurbú.

Sé enginn dýralæknir fyrir hendi eða fái hann ekki annað eftirlitinu, framkvæmir héraðslæknir, heilbrigðisfulltrúi eða annar löggiltur fulltrúi þetta eftirlit fyrir hans hönd.

Skýrslur um skoðunina skulu sendar mjólkureftirlitsmanni ríkisins árlega á þar til gerð eyðublöð, er yfirdýralæknir lætur í té.

2. Heilbrigðisnefndir eða héraðslæknar í þeirra umboði skulu hafa á hendi eftirlit með mjólkurbúum og mjólkursölustöðum og þeim vörum, sem þar eru meðhöndlaðar eða seldar og undir þessa reglugerð falla. Héraðslæknar skulu láta taka sýnishorn af þessum vörum eins oft og þurfa þykir, og senda þau til rannsóknar á fyrirskipaðan hátt.
3. Ráðherra skipar eftirlitsmann heilbrigðisstjórninni til aðstoðar við framkvæmd eftirlitsins. Ber honum m. a. að ganga eftir því, að skýrslur séu sendar og sýnishorn tekin nægilega oft.
4. Kostnaður við rannsóknir og önnur störf þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar sérstaklega til að annast framkvæmdir eftirlits samkvæmt reglugerð þessari, greiðist úr ríkissjóði. Auk þess er dýralæknum (héraðslæknum) heimilt að taka gjald fyrir hverja skoðun (sbr. 1. tölulið) samkvæmt gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 114 20. sept. 1948.

Sveitarfélög greiða kostnað af eftirliti með mjólk og mjólkurvörum, er þau rækja hvert á sínum stað samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktu að öðru leyti en því, að nauðsynleg rannsókn sýnishorna, sem framkvæmd er á opinberum rannsóknarstofum, greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkv. 11.—12. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 136 frá 19. okt. 1946.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 4. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.